

Fundargerð – 513. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sf. var haldinn miðvikudaginn 15. apríl 2020, kl. 16:30. Fundurinn var með fjarfundasniði í ljósi aðgerða gegn COVID-19.

Mættir: Önundur Jónasson sem stýrði fundi, Ásrún Kristinsdóttir, Inga Rut Hlöðversdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Páll Orri Pálsson sem ritaði fundargerð og Steinþór Þórðarson.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra fyrir mars.
 2. Grenndarstöðvar. Undirbúningur og staða.
 3. Ársreikningar 2019 og undirbúningur aðalfundar.
 4. Endurskoðuð forgangsverkefni í ljósi heimsfaraldurs.
 5. Önnur mál.
-
1. Framkvæmdastjóri stiklaði á stóru í rekstri Kölku frá síðasta stjórnarfundum. Í kynningu hans kom m.a. eftirfarandi fram:
 - a. COVID-19 faraldurinn hefur yfirtekið alla umræðu um öryggismál í Kölku í mars. Fyrstu aðgerðir vegna faraldursins voru settar á í annarri viku í mars en um miðjan mánuð var fyrirtækinu skipt upp í þrennt og samgangur milli brennslu, starfsmanna á plani og starfsfólks á skrifstofu lágmarkaður. Þá hafa þeir starfsmenn skrifstofu sem geta unnið að heiman verið hvattir til að gera það sem allra mest. Ekki hefur komið til forfalla vegna einangrunar eða sóttkvíar en hefðbundnar pestir hafa dregist á langinn þar sem fólk vill láta vinnustaðinn njóta vafans og a.m.k. tveir starfsmenn hafa verið prófaðir vegna COVID, en reyndust ekki smitaðir.
 - b. 2. apríl var undirritaður samningur við Stefnu á Akureyri um endurnýjun á vef Kölku. Páll Orri Pálsson og Ásrún Helga Kristinsdóttir hafa settið í nefnd ásamt framkvæmdastjóra og komst nefndin að þeirri niðurstöðu að tilboð Stefnu væri mjög aðgengilegt og ekki væri ástæða til að bjóða verkið út.
 - c. Ný starfsmannahús á móttökuplönnum í Grindavík og Vogum voru sett niður í mars og eru bæði komin í fulla notkun. Þá hefur nýr starfsmaður hafið störf á planinu í Grindavík.
 2. **Grenndarstöðvar:** Að beiðni Reykjanesbæjar var óskað eftir nýju tilboði frá Terra vegna grenndarstöðva en áhugi var á að skoða minni gáma en fyrri tillaga byggðist á. Ný tillaga barst Kölku rétt fyrir páska og er nú til skoðunar. Fundur er boðaður næstkomandi föstudag með starfsmanni Reykjanesbæjar sem falið hefur verið að annast grenndarstöðvar bæjarins. Þar verður ný tillaga rýnd og borin saman við þá upphaflegu.

IRK
IRM

IE
u
POP

3. **Uppgjör ársins 2019 og undirbúningur aðalfundar** hafa ekki gengið sem skyldi og er þar helst um að kenna ýmsum uppákomum sem rekja má til ástandsins vegna COVID-19. Hefur þeim tilmælum verið beint til Kólku að gera ráð fyrir að endurskoðun geti tekið lengri tíma nú en í venjulegu árferði. Í ljósi þessa gerir framkvæmdastjóri að tillögu sinni að stefnt verði að aðalfundi Kólku miðvikudaginn 20. maí næstkomandi. Var sú tillaga borin undir stjórn og samþykkt samhljóða.
4. **Endurskoðuð forgangsverkefni í ljósi heimsfaraldurs:** Stjórnendur Kólku hafa skilgreint umbótaverkefni sem ljúka þarf fyrir 1. júlí. Í þeim er m.a. stefnt að breytingum á skráningu efnis við innvigtun og brennslubókhalði. Auk þess var undirritaður verksamningur um endurnýjun á vef Kólku rétt fyrir páska. Stjórn Kólku leggur áherslu á að ljúka þessum verkefnum og endurskoða umbótaáætlun í sumarlok.
5. **Önnur mál:**


Næsti fundur er áætlaður 12. maí kl. 16:30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:20



Öundur Jónasson


Laufey Erlendsdóttir


Inga Rut Hlöðversdóttir


Ásrún Kristinsdóttir


Páll Orri Pálsson


Steinþór Þórðarson